

ATH

TAKIÐ DAGINN FRÁ!!!

Laugardaginn 15. apríl kl. 14 verður haldinn kvennaviðburður í Stórutjarnaskóla. Við ætlum að eiga notalegan dag þar sem Halldóra Skúladóttir hjá kvennaráð.is ætlar að koma og fræða okkur um breytingaskeiðið. Breytingaskeiðið er eitthvað sem ekki hefur mikið verið fjallað um en er sem betur fer að koma meira upp á yfirborðið. Ég, formaður kvenfélagsins Hildar, hef mikinn áhuga á því að konur fræðist um þetta skeið en fyrir konur úti á landi er oft erfitt að afla sér upplýsinga eða sækja sér fræðslu og þar af leiðandi finnst mér tilvalið að bjóða upp á þennan fyrirlestur því hann snertir jú allar konur einhvern tímann á lífsleiðinni. Svo er þetta líka kjörið tækifæri til að hittast og hafa gaman saman. Boðið verður upp á skemmtun og léttar veitingar til sölu. Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar

María Sigurðardóttir (formaður kvenf. Hildar Bárðardal)

